

L Ö G

um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl 1965, er óheimilt frá gildistöku laga þessara að telja.

2. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum, af gerðinni Rolls Royce — 400. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim, sem dómurinn ákveður.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa, vinnutíma og annarra starfskjara, hafa hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi.

4. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 2. gr., skulu gilda frá gildistöku laga þessara, til 1. febrúar 1966.

6. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.